

**Nd.**

**313. Frumvarp til laga**

**[134. mál]**

um breyting á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson.

**1. gr.**

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattfyrirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Hvarvetna í menningarþjóðfélögum leitast löggjafinn við að vernda þegna sína gegn óhóflega miklu erfiði og notfærir aukna tækni til að takmarka lengd hins almenna vinnudags. Viða er litið á þetta sem lið í almennri heilsuvernd.

Hérlendis er þó ekkert gert af opinberri hálfu til að vernda þegnana í þessu efni. Þvert á móti notfærir hið opinbera sér yfirvinnu landsmanna til hóflausrar skattheimtu af þeirri kaupuppbot, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka vinnu.

Þótt yfirvinna sé í eðli sínu mjög óæskileg og virki hindrandi á alla menningarframþróun, er þó augljóst, að enn er ekki tímabært að banna hana með lögum, og eins og til háttar um aðalútflutningsframleiðslu okkar, sjávarafurðirnar, mundu allar takmarkanir á yfirvinnu við þau störf hafa í för með sér minnkandi framleiðslu.

Í verstöðvum landsins er það algengt, þegar mikið aflast, að menn vinna oft vikum og jafnvel mánuðum saman svo lengi á hverjum sólarhring, að jafngildir tveim venjulegum vinnudögum.

En þótt þjóðfélagið hafi ekki tók á að vernda þegna sína á þessu sviði svo sem æskilegt væri, má þó ekki minna vera en að þegnskapur sá, er þeir sýna með því að leggja hart að sér, til þess að framleiðslan geti orðið sem mest, sé að einhverju virtur af löggjafanum, og virðist þar liggja beinast við að leysa kaupgreiðslur fyrir yfirvinnuna við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar undan opinberri skattlagningu.